

Mál nr. 300/2018**M og
vátryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar tannlæknis.****Ágreiningur um hvort vátrygging hafi verið í gildi þegar bótakrafa var gerð.****Gögn.**

Málskot, dags. 1.10.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 17.10.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með tónstilkynningu til V, dags. 7. nóvember 2017, tilkynnti M um tjón sem hann kvaðst hafa orðið fyrir við það að tannlæknirinn A hafi formað postulínskrónur á þremur nánar tilgreindum tönnum með ófullnægjandi hætti. Gerði M kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu sem A hafði haft í gildi hjá V.

V hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að A hafi sagt sjúklingatryggingunni upp 4. október 2016 en þá um haustið hafi hann hætt störfum sem tannlæknir og samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar taki hún einungis til skaðabótakröfu sem komi fram á vátryggingartímanum. M vill ekki una þessari afstöðu V.

Álit.

Samkvæmt skilmálum sjúklingatryggingar hjá V tekur vátryggingin til skaðabótakröfu gegn vátryggðum er til stofnast á vátryggingartímanum án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af. En skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- a) að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggðum;
- b) að vátryggðum verður fyrst kunnugt um að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem kann að verða rakið til gáleysis vátryggðs eða starfsmanns hans eða að bein hætta er á að slíkt tjón verði.

Þá segir í skilmálunum að vátryggingin taki ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem stofnast hefur gegn vátryggðum á vátryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok vátryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á vátryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan þriggja mánaða eftir lok vátryggingarinnar, tekur vátryggingin ekki til slíks tjóns nema vátryggður hafi mótttekið skriflega skaðabótakröfu samkvæmt framangreindum a. lið og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan tveggja ára eftir lok vátryggingarinnar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga rétt til bóta samkvæmt lögnum sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans. Ber slíkur heilbrigðisstarfsmaður bótaábyrgð samkvæmt lögnum, sbr. d. lið 9. gr. laganna, og skal hann vera tryggður með vátryggingu (sjúklingatryggingu) hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna. Í lögnum er ekki að finna ákvæði um það hvenær vátryggingaratburður telst hafa orðið þannig að til bóta úr vátryggingunni geti komið, sbr. f. lið 2. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Eru því ekki efni til annars en líta til framangreindra skilmálaákvæða þegar metið er hvort vátryggingaratburður hafi orðið innan gildistíma vátryggingarinnar. Ekki verður séð að M hafi haft uppi skaðabótakröfu á hendur A né heldur að V hafi verið tilkynnt um tjónið innan þriggja mánaða eftir lok vátryggingarinnar. Þegar af þeirri ástæðu tekur sjúklingatrygging sú sem A hafði í gildi hjá V ekki til þess tjóns sem M hefur krafist. Hann á því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Reykjavík, 13. nóvember 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.